

3. DKG-fundur vetrarins haldinn í Bakkastofu á Eyrarbakka

5. desember 2016.

Gestir/gestgjafar fundarins voru hjónin Ásta Krístrún Ragnarsdóttir & Valgeir Guðjónsson.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður Epsilondeildar setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Fundurinn var haldinn í Bakkastofu á neðri hæð hússins.
2. Þá var nafnakall viðhaft og las Ingibjörg formaður upp nöfn félagskvenna og bað fyrir kveðjur. 18 konur voru mættar.
3. Sigfríður ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
4. Orð til umhugsunar var á sínum stað og tók Guðríður Aadnegard þau að sér. Í orðum sínum velti hún upp spurningunni „Hvað skiptir raunverulega máli í lífinu“? Máli sínu til stuðnings vitnaði hún í nokkra höfunda sem hafa reynt að svara þessari mikilvægu spurningu í gegnum tíðina.
5. Fundarmenn færðu sig nú til í húsinu og var okkur boðið á efrihæðina, þar sem heiðurshjónin þau Ásta og Valgeir tóku vel á móti okkur í hlýlegum húsakynnum sínum. Við byrjuðum á því að þiggja rjúkandi heitan kanillu-hollustudrykk, súkkulaðirúsínur, piparkökur & mandarínur. Þá sagði Ásta okkur frá sögu hússins og einnig frá forfeðrum sínum sem þar bjuggu. Stásstofan þeirra geymir ýmsa fagra muni sem hafa verið vel varðveittir. Þar mátti sjá fallega safngripa sem eiga sér mikla sögu. Einstaklega smekklegt og fágað allt saman og móttökur hlýlegar. Valgeir tók nú til við að syngja og sprella með okkur. Lét fundakonur m.a. hafa eftir sér yfir 70 jólasveinanöfn við trommuslátt. Að þessu loknu og mikinn hlátur færðum við okkur aftur niður í borðstofuna á neðri hæðinni, en þar beið okkar rjúkandi heit humarsúpa og nýbakað brauð og jólagleðin hélt að sjálfsögðu áfram.
6. Næsti fundur verður bókafundur okkar í janúar og verður hann haldinn í Tungunum, nánar tiltekið heima hjá Elínborgu systur okkar á Iðu.
7. Dregið var úr happdrættinu okkar góða og hlaut Sigríður Guttormsdóttir vinningin að þessu sinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari